

Nd.

50. Frumvarp

til laga um samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og takmörkun á ádráttarveiði.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og um ádráttarveiði.

2. gr.

Nú vilja veiðieigendur í á eða vatni, sem lax eða silungur er í, auka veiði með því að koma á laxa- eða silungaklaki og starfrækja það, eða takmarka ádráttarveiði til þess að gera veiðina jafnari, þannig að áin sje alfríðuð fyrir ádrætti nokkra virka daga, meðan veiði er stunduð, þó aldrei meira en 2 virka daga í viku hverri, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktar og gera það hlutaðeigendum kunnugt. Skal það síðan sent sýslunefnd, og semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst með nægum fyrirvara kvatt til fundar á því svæði, sem samþyktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem veiði hafa til eignar eða afnota í þeirri á eða vatni, sem takmörkunin á ádráttarveiðinni á að gilda um og klakhúsið eða klakhúsin eru bygð sjerstaklega fyrir.

Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fund með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundarmenn á frum-

varpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, sem hefir ekki náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundum, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyrir en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga og rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er hlut eiga að máli samkv. 2. gr.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykktum þessum skal tekið fram, hvaða svæði samþykktin taki yfir, um stjórn klakhúsfjelagsins og niðurjöfnun á kostnaði við klakið, og skal í því efni fylgt þeirri reglu, að stofnkostnaði sje jafnað niður á jarðeigendum á samþykktarsvæðinu. Skal sú niðurjöfnun að nokkru leyti miðuð við landverð samkvæmt fasteignamati og að nokkru leyti við aðstöðu jarðanna til veiðinnar, en árlegum rekstrarkostnaði skal jafnað niður á sama hátt á ábúendum jarðanna. Nú er veiðirjettur seldur undan jörð á samþykktarsvæðinu, og skal þá eigandi hans bera bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

6. gr.

Gjöldum til klakhúsfjelaga samkvæmt samþykktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykktum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir alt að 200 krónum, er renna í sjóð klakhúsfjelagsins, ef um er að ræða brot á klaksamþykkt, en ella í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Á allra síðustu árum hefir víðsvegar á landinu vaknað talsverður áhugi fyrir því, að koma á fót laxa- og silungaklaki; einstakir framtaksmenn hafa

hafist handa, bygt klakhúsin og rekið þau á sinn kostnað. Þetta er eðlilegt í byrjun, meðan allur þorri almennings er ekki búinn að átta sig á, hvert hagræði klakið getur veitt.

Á hinn bóginn kemur hagnaðurinn af klakinu óviða þeim einstaklingum einum að notum, sem starfrækja það, heldur öllum, sem veiðirjett eiga í ánni eða vatninu, sem klaksins nýtur. Skipulagið hlýtur því að smáfærast í það horf, að klakhúsin verði fjelagseign og starfrækt af fjelagi veiðieigenda, sem hlut eiga að máli; slík klakhúsfjelög eru þegar stofnuð og önnur í undirbúningi. Það, sem einkum stendur þessum fjelagsskap fyrir þrifum, er að enn þá vantar lög, sem heimili að gera samþyktir um þessi efni, sem komi í veg fyrir, að einstakir veiðieigendur geti skorist úr leik og neitað að styrkja fyrirtækið, en notið þó engu að síður þess arðs, sem klakið veitir.

Jafnframt er reynt að stuðla að því, að gera veiðina jafnari, þannig, að þar, sem svo hagar til, eins og vitanlegt er um að á sjer stað, að einstakir veiðieigendur, einkum þeir, sem nærri ósunum búa, hafa aðstöðu til þess að geta með ádráttarveiði dregið npp mikinn hluta af þeim laxi, sem í ána gengur, en aðrir veiðieigendur bera þar af leiðandi mjög skarðan hlut frá borði, sje heimilt með samþyktnum að takmarka ádráttarveiðina framar því, sem laxveiðalögin heimila.